
FÓLK Í LISTUM



Grétar Magnús Guðmundsson við eitt verka sinna á sýningunni.

PARADÍSARHEIMT á Kjarvalsstöðum

Sýning Grétars Magnúsar Guðmundssonar

Þessa dagana sýnir á Kjarvalsstöðum ungur myndlistarmaður Grétar Magnús Guðmundsson, sem nú hefur stytt nafn sitt TARNUS GréTAR MagNÚS. Hann er annars úr Skeiðunum, fæddur í Húsatóftum og er nú 31 árs að aldri.

Magnús hefur líka stundað söng og barið trommur í hljómsveitum, að því er hann sagði gestum á sýningunni.

Hann lauk kennaraprófi í teikningu frá Myndlistarskólanum í Reykjavík árið 1971.

Grétar Magnús sýnir okkur 35 málverk af ýmsum stærðum og gerðum, það elzta frá árinu 1964 og þau yngstu eru ný. Kennir þar margra grasa og verkin minna á ýmsa eins og gjarnan vill verða, meðan menn eru að finna yndi sitt, eins og þar segir. Allavega blandast ólíkir hlutir saman.

Grétar Magnús reiðir hátt til höggs, að sýna í þessum sal eftir svo litla vinnu og sýning hefði eflaust orðið heilsteyptari og betri ef hann hefði beðið fáeina mánuði, eitt til tvö ár, því þetta er eins og að keyra vanþroskaða ávexti á markaðinn, fáum dögum fyrir þroska. Með þessu er svo sem ekki verið að ráða honum frá sýningum — öðru, nær, sum verkanna, eins og t.d. no. 11 og reyndar sumar fleiri bera vott um hæfileika og þekkingu á málarakúnst. Þó má segja að hann hafi sýnt talsverðan þroska að nota aðeins hluta salarkynna Kjarvalsstaða undir þessi verk, því gjarnara er mönnum að fylla salinn og þá oft á kostnað gæðanna.

Listamaðurinn kemur vel fyrir og uppátæki hans mörg benda til þess að hann láti ekki stöðva sig og það vona ég að þetta greinarkorn geri ekki heldur, en umfram allt, heilsteypta, vandaða sýningu næst.

Mér er það ljóst að þýðingarmikið er fyrir málara að sjá verk sín á sýningu, þær eru eignakönnun, skráning og niðurstaða úr sundurleitum farangri. Sýningin á að hjálpa þessum efnilega manni til úttektar á sér sjálfum og verða til nokkurs þroska.

Jónas Guðmundsson.

Útboð

Innanhússfrágangur

Heildartilboð óskast í innanhússfrágang í skrifstofuhúsnæði Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins að Keldnaholti.

Útboð þetta nær aðallega til innréttingasmíði, málningar, dúklagningar og raflagna.
Verkinu sé að fullu lokið 1. maí 1975.
Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri gegn 5.000.- kr. skilatryggingu.
Tilboðin verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 19. ágúst kl. 11.00 f.h.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844

Auglýsingadeildin

Ný þjónustumiðstöð
KASK
SKAFTAFELLI



Í versluninni:
Allar nauðsynlegar matvörur, búsáhöld og vefnaðarvara miðuð við þarfir ferðamanna.

Í veitingastofunni:
Heitur matur og grillréttir.

Opið frá kl. 9 til 23 alla daga.

Þjónustumiðstöð:
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga
Þjóðgarðinum SKAFTAFELLI

Í FERÐALAGIÐ

Epli — Appelsínur — Grape — Sítrónur
Bananar — Tómatar — Agúrkur
Niðursoðnir ávextir
Niðursoðin kjötvara
Kæfa — Sardínur — Rækjur — Sjólax o.fl.
Fiskbollur — Fiskbúðingur
Kex — Sælgæti
Ávaxtasafi margar tegundir
Súpur í pökkum og dósum
Kartöfluflögur — Saltstangir — Saltmöndlur
Vestfirzkur harðfiskur
Carlsberg — let öl

Opið til kl. 10 föstudag

Vörumarkaðurinn hf.
ÁRMÚLA 1A

Símar:
Matvörudeild 86-111
Húsgagnadeild 86-112
Heimilistækjadeild 86-112
Vefnaðarvörudeild 86-113
Skrifstofan 86-114